

Nd.

712. Frumvarp til laga

[243. mál]

um breyting á l. nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og l. nr. 57 frá 5. júní 1957, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Ed., 19. apríl.)

1. gr.

Aftan við 2. gr. l. nr. 56/1927 bætist:

4. flokkur.

Nú eru vínveitingar um hönd hafðar í veitinga- eða samkomuhúsi, án þess að skemmtanaskattur sé greiddur samkvæmt ákvæðum 1. eða 2. flokks, og skal þá greiða kr. 8.00 í skemmtanaskatt og kr. 2.00 í menningarsjóð, sbr. 4. gr. l. nr. 57/1957, fyrir hvern mann, er aðgang fær að húsinu að kvöldi á þeim tíma, er ákveðinn verður í reglugerð. 10% álag á skemmtanaskatt samkv. 3. gr. laga nr. 57/1957 er innifalið í 8 kr. gjaldinu samkvæmt þessari grein.

2. gr.

3. gr. l. nr. 56/1927 orðist þannig:

Undanþegnar öllum skemmtanaskatti eru þessar skemmtanir:

- a. Hljómleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, svo og aðrir klassískir tónleikar og klassískar söngskemmtanir, eftir nánari ákvörðun ráðherra.
- b. Leiksýningar Þjóðleikhússins, svo og hliðstæðar leiksýningar annarra aðila, eftir nánari ákvörðun ráðherra.
- c. Fræðandi fyrirlestrar.
- d. Sýningar á íslenskum kvikmyndum og kvikmyndasýningar í Reykjavík á vegum Sáttmálasjóðs og kvikmyndasýningar bæjarsjóðs Akraness og Hafnarfjarðar, enda sé tekjunum varið á sama hátt og nú. Enn fremur er ráðherra heimilt að undanþiggja skemmtanaskatti kvikmyndasýningar eins kvikmyndahúss, er rekið sé af opinberum aðila, í hverjum hinna annarra kaupstaða, enda sé tekjum af þeim varið til menningar- eða mannúðarmála.
- e. Íþróttasýningar, enda renni ágóðinn óskiptur til íþróttastarfsemi.
- f. Skemmtanir skóla og skólafélaga, annarra en dansskóla, enda séu þær aðeins fyrir nemendur og kennara, ásamt gestum þeirra, og haldnar undir umsjá skólastjórnar.
- g. Innanfélagsskemmtanir, aðrar en dans, sem aðeins eru fyrir félagsmenn og gesti þeirra. En sannist það, að utanfélagsmenn hafi átt kost á að kaupa aðgöngumiða að slíkum skemmtunum, skal það skoðað sem brot á lögum þessum, og ber þá að greiða skatt af slíkri skemmtun eftir 2. gr., 2. flokki.

Ráðherra er heimilt að láta haldast að nokkru eða öllu leyti undanþágur þær frá greiðslu skemmtanaskatts, er þær skemmtanir hafa notið, sem haldnar eru til fjáröflunar fyrir góðgerðar-, líknar- og björgunarstarfsemi, sjúkrahúsi með staðfestri skipulagsskrá, sjúkrahúsi, elliheimili, æskulýðsheimili, Tónlistarskólann í Reykjavík, kirkjustarfsemi eða bindindisstarfsemi, sem nýtur styrks úr ríkissjóði.

Ráðherra er enn fremur heimilt að undanþiggja skemmtanaskatti dansleiki, sem unglingar frá 16 til 21 árs aldri eiga einir aðgang að, enda sé aðgangur seldur vægu verði og fullnægt öðrum skilyrðum, er ráðherra setur.

Loks er ráðherra heimilt að undanþiggja skemmtanaskatti dansskemmtanir, með eða án minni háttar skemmtiatriða, enda sé vín ekki um hönd haft á þessum skemmtunum, og þær ekki haldnar í danshúsum, sem löggilt eru fyrir 300 gesti eða fleiri í sæti. Ráðherra ákveður, hvaða skemmtistaðir skuli teljast danshús í þessu sambandi. Þó skulu samkomu- eða veitingahús, þar sem dans fer að jafnaði fram 20 sinnum á mánuði, ávallt talin danshús. Þeir, sem fá undanþágu frá greiðslu skemmtanaskatts samkvæmt framansögðu, eru skyldir til að greiða þann kostnað af löggæzlu, sem nauðsynleg er talin í þessu sambandi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1963.

Ráðherra skal heimilt að endurgreiða eða fella niður skemmtanaskatt af leiksýningum og sýningum á íslenskum fræðslukvikmyndum frá 1. jan. 1963 að telja.